

# Fundargerð 42. þings BSRB

21.–23. október 2009

42. þing BSRB var haldið dagana 21.–23. október 2009 á Grand hóteli í Reykjavík.

Yfirskrift þingsins var „Framtíð byggð á jöfnuði, atvinnu, velferð og réttlæti“.

Þingið var sett kl.11:00 samkvæmt auglýstri dagskrá (þskj. 2)

## 1. Þingsetning

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, hóf mál sitt á að bjóða gesti og þingfulltrúa velkomna til þings. Við þingsetningu söng Kvinnakór Reykjavíkur. Að því loknu hélt Ögmundur Jónasson setningarræðu sína. Ræðan fylgir fundargerðinni (fskj. 1) og verður efni hennar ekki endursagt hér.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, ávarpaði þingið og var sammála Ögmundi um að nú væri að hefjast enn ein atlagan að lífeyrissjóðakerfinu, að grundvallarmannréttindum okkar og að við yrðum að standa saman um að hrinda henni eins og endranær. Hann fjallaði einnig um nánara samstarf launþegasamtakanna um fræðslumál fyrir félagsmenn. Hann minnti líka á að það væri mikilvægt að hagsmunasamtök launþeganna kölluðust á og létu í sér heyra.

## 2. Fulltrúaskrá – kjörbréf lögð fram til úrskurðar.

Ingunn Þorláksdóttir formaður kjörbréfanefndar fór yfir fulltrúaskrá og stjórnaði nafnakalli. Breytingar á fulltrúaskrá vegna forfalla þingfulltrúa og innkomu varafulltrúa hafa ritarar skráð á þskj. 3, fulltrúaskrá.

## 3. Kosning starfsmanna þingsins

### Kosning forseta og ritara

Ögmundur Jónasson gerði tillögu um Þórveigu Þormóðsdóttur sem forseta þingsins og var það samþykkt einróma.

Þórveig Þormóðsdóttir tók við stjórninni og þakkaði fundarmönnum það traust sem henni væri sýnt. Hún gerði tillögu um að varaforsetar yrðu Ína Halldóra Jónasdóttir og Ragnar Örn Pétursson, þingritarar Einar Ólafsson og Jófríður Hanna Sigfúsdóttir og vararitarar Frímenn Birgir Baldursson og Bára Garðarsdóttir. Var það samþykkt einróma. Hún fór yfir helstu atriði varðandi þingið. Var síðan gengið var til dagskrár.

### Kosning þingnefnda

Birna Ólafsdóttir formaður nefndanefndar kynnti tillögur stjórnar um þingnefndir (þskj. 4a).

**Starfskjaranefnd.** Þórir Steingrímsson kemur inn í stað Arinbjörns Snorrasonar.

**Útbreiðslu- og fræðslunefnd.** Margrét Auður Óskarsdóttir kemur inn í stað Maríu Busk. Ingunn H. Þorláksdóttir er þingfulltrúi fyrir Starfsmannafélag Seltjarnarness þótt hún sé skráð fyrir Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu í útbreiðslu- og fræðslunefnd skv. þskj. 4a

**Allsherjarnefnd:** *Torfhildur S. Þorgeirsdóttir* kemur inn í stað *Védísar Guðjónsdóttur*. *Helga Hafsteinsdóttir*, þingfulltrúi fyrir Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu, kemur inn fyrir *Stefán Stefánsson*, Starfsmannafélagi Húsavíkur, sem getur hugsanlega ekki setið allt þingið.

*Helga Jónsdóttir* framkvæmdastjóri BSRB gerði grein fyrir því að *Ingunn Þorláksdóttir* væri tilnefnd fyrir Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu og á sama hátt væri *Helga Hafsteinsdóttir* tilnefnd fyrir Starfsmannafélag Húsavíkur. Þetta væri ákvörðun Samflots bæjarstarfsmanna en ekki mistök. Þetta bryti ekki í bága við lög BSRB þótt óvenjulegt væri.

**Félagsmálanefnd.** Engin forföll.

**Kjörnefnd:** Engin forföll. Utan úr sal kom tillaga um *Torfa Þorsteinsson* PFÍ.

**Jafnréttisnefnd:** Engin forföll.

**Laganefnd** Engin forföll.

*Forseti* tók við, þakkaði *Birnu* fyrir og greindi frá því að allar nefndir væru opnar öllum þingfulltrúum til áheyrnar og umræðna nema kjörnefnd sem er lokuð. Tillögur nefndanefndar voru samþykktar nema tillaga um kjörnefnd, en afgreiðslu hennar var frestað.

Fyrirspurn kom utan úr sal um hvernig fara bæri með tillöguna um *Torfa Þorsteinsson* í kjörnefnd. *Forseti* upplýsti að tillögunni þyrfti að skila inn skriflega og taldi að ekki mætti fjölga þangað inn og þar með þyrfti að kjósa um fulltrúa í þeirri nefnd aftur. Í lögum segir að þingfulltrúar hafi tillögurétt um menn í nefndir. Athugasemd barst utan úr sal um að laganefnd væri frekar karllæg.

Klappað var fyrir þeim nefndum sem upp voru bornar en afgreiðsla á fulltrúum í kjörnefndina var frestað.

#### 4. Skýrsla stjórnar (þskj. 1)

*Ögmundur Jónasson* gerði í grófum dráttum grein fyrir skýrslu stjórnar. Mál hans verður ekki rakið frekar hér en vísað til skýrslunnar í þskj. 1.

*Forseti* gaf orðið laust um skýrslu stjórnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

#### 5. Þingmál lögð fram og vísað til nefnda

*Forseti* renndi yfir með hvaða hætti staðið yrði að málum, greindi frá fundarstöðum nefndanna, sjá þskj. 4b, og hverjir af starfsmönnum BSRB yrðu starfsmenn þeirra.

*Forseti* fór yfir stöðuna varðandi kjörnefnd og upplýsti að í lögum BSRB stæði ekkert um það hversu margir eigi að vera í kjörnefnd. Nefndanefnd gerði tillögu um fimm manns sem lagt var fyrir þingið og uppástunga kom um einn til viðbótar úr sal. *Forseti* taldi ekki eðlilegt að hafa jafna tölu í nefndinni. Tillaga forseta er því um að sjö sitji í kjörnefnd. Við þá fimm sem fyrir eru í tillögu nefndanefndar bætist þeir *Torfi Þorsteinsson* frá PFÍ og *Vilhjálmur Árnason* frá Landssambandi lögreglumanna.

Tillagan var þar með borin undir atkvæði og samþykkt með þorra atkvæða en 6 voru móti.

*Guðbjörn Arngrímsson* gerði stutta athugasemd úr sæti sínu, þar sem hann benti á að ástæða væri fyrir því að stjórn BSRB tilnefndi þennan fjölda í nefndir. Hvað eigum við að gera ef það koma tillögur á næsta þingi um 15 manns í þessa nefnd? Finnst rétt ákvörðun á þinginu að

samþykkja í þetta sinn. Það sem hefur verið gert á sér sögu. Illmögulegt að koma sér saman um nöfn ef svo margir eru í þessari nefnd.

*Forseti* þakkaði ábendinguna og hélt áfram við dagskrá þingsins.

## **Þskj. 8. Tillaga stjórnar BSRB að breytingum á lögum BSRB**

*Guðbjörn Arngrímsson* gerði grein fyrir tillögunni.

*Sverrir Björn Björnsson* lagði fram breytingartillögu við tillögu á þskj. 8. Nokkuð sáttur við það sem komið er en breyting við 32. grein finnst honum vera reglugerðarbreyting frekar en lagabreyting. Leggur til að varaformaður verði einn en þá þarf líka að breyta 30. grein laganna. Leggur því til að þar verði breytt og það verði bara einn formaður og einn varaformaður í stjórn BSRB.

*Forseti* benti á að í útsendum tillögum var ekki opnað á 30. greinina og vitnaði til orða Gests Jónssonar lögmanns um að þingið eigi bara að fjalla um útsendar breytingartillögur og því er óvíst hvaða lagaheimild er fyrir þessari breytingartillögu.

*Valdimar Leó Friðriksson* benti á að breytingin væri við grein 32 og því ætti breytingartillagan rétt á sér.

Vísað til laganefndar.

*Árni Stefán Jónsson* gerði athugasemd við breytingartillögu að 26. grein þar sem lagt er til að gjaldi aðildarfélaganna til BSRB verði breytt úr hlutfalli af „föstum launum“ í hlutfall af „launum“. Þarna sé átt við hlutfall af heildarlaunum en ekki dagvinnulaunum og hann leggur til að greininni verði breytt með þeim hætti og tilgreint verði nákvæmlega hvaða laun sé verið að fjalla um. Öll laun eða dagvinnulaun, reglubundin laun o.s.frv.

*Guðbjörn Arngrímsson* taldi Árna Stefán misskilja og sagði að lagahópurinn og Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB legðu til að aðalfundur myndi ákveða þann hundraðshluta af launum félagsmanna sinna með því að leggja annars vegar fram eina prósentutölu fyrir þau félög sem innheimta gjald af föstum launum og hins vegar fyrir þau félög sem innheimta gjald af öllum launum félagsmanna sinna.

*Árni Stefán Jónsson* lagði til að miðað yrði við þá prósentutölu sem lægi næst því sem verið er að greiða núna.

*Helga Hafsteinsdóttir* lagði til varðandi 32. grein að þriggja mánaða niðurtalningunni yrði sleppt og fyrsti varaformaður tæki strax stöðu formanns í forföllum og annar varaformaður yrði þá fyrsti varaformaður.

Skjalinu og tillögum og umræðum er vísað til laganefndar.

## **Þskj. 9. Tillaga stjórnar BSRB um breytingu á reglugerð um Átaks- og vinnudeilusjóð.**

*Guðbjörn Arngrímsson* gerði grein fyrir tillögunni.

*Helga Dögg Sverrisdóttir* gagnrýndi þá ákvörðun að leggja vinnudeilusjóðinn niður. Núverandi skipan sé máламиðlun sem náðist inn á síðasta þingi þegar sjóðnum var breytt og búnar til skrautfjaðrir til að sinna starfsemi hans. Það hefði lítið upp á sig að hafa vörslumenn sem tækju ekki ákvarðanir og hefðu ekki vald. Leggur til að laganefndin skoði 6. grein og taki ákvörðun um að leggja bara sjóðinn í BSRB í stað þess að hafa „æxlið“ utan á sér. Stjórn BSRB getur tekið ákvarðanir og hefur hvort eð er haft sjóðinn undir sínum armi frá síðasta þingi. Leggur þessa umræðu inn til laganefndarinnar.

Skjalinu og tillögum og umræðum er vísað til laganefndar.

#### **Þskj. 10. Tillaga stjórnar BSRB um efnahagsmál.**

*Sverrir Björn Björnsson* mælti fyrir tillögunni og fór yfir áherslupunktana.

*Forseti* gaf þingfulltrúum kost á að skila inn skriflegum breytingartillögum og fjalla stuttlega um þær áður en þeim yrði vísað til nefnda.

*Pórarinn Eyfjörð* kom með athugasemd og taldi ástæðu til að fjalla um gengismálin. Gerði einnig þá athugasemd að að ekkert væri fjallað um vísitölur og notkun þeirra ásamt verðtryggingunni og því með hvaða hætti og hvernig hún kemur við fjölskyldur landsins.

*Marías P. Guðmundsson* gerði athugasemd um orðalag.

*Jónas Engilbertsson* sagði íslensku þjóðina telja sig hina best menntuðu á Vesturlöndum og lagði til að sett yrði inn að við værum fremri öllum Norðurlandþjóðum.

Engar skriflegar tillögur bárust og var tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

#### **Þskj. 11. Tillaga stjórnar BSRB um atvinnumál.**

*Sverrir Björn Björnsson* mælti fyrir tillögunni. Sagðist viðurkenna að hann skildi ekki næst síðasta áherslulið um sjávarútvegsmálin, vildi gera skýlausa kröfu um að auðlindir hafsins verði færðar í hendur þjóðarinnar. Einnig vantaði umfjöllun um stóriðju.

Engar umræður urðu um tillöguna og var henni vísað til allsherjarnefndar.

#### **Þskj. 12. Tillaga stjórnar BSRB um alþjóðamál.**

*Unnur Sigmarsdóttir* mælti fyrir tillögunni. Engar umræður urðu um tillöguna og var henni vísað til félagsmálanefndar.

#### **Þskj. 13. Tillaga stjórnar BSRB um umhverfismál.**

*Sverrir Björn Björnsson* mælti fyrir tillögunni. Engar umræður urðu um tillöguna og var henni vísað til allsherjarnefndar.

#### **Þskj. 14. Tillaga stjórnar BSRB um kjaramál.**

*Helga Hafsteinsdóttir* mælti fyrir tillögunni. Engar umræður urðu um tillöguna og var henni vísað til starfskjaranefndar.

#### **Þskj. 15. Tillaga stjórnar BSRB um fræðslumál.**

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* mælti fyrir tillögunni.

*Helga Dögg Sverrisdóttir* gagnrýndi eindregna andstöðu við skólagjöld í tillögunni, taldi ekki ástæðu til að amast við hóflegum skólagjöldum í háskólum og benti á við rukkum félagsmenn okkar fyrir námskeið. Benti á að í stað orðsins „raunhæfni“ ætti að koma „raunfærni“ og gerði einnig athugasemd við áherslupunktinn um að „leitað verði leiða til að draga úr brottfalli nemenda úr námi við framhaldsskóla“. Spurning um hvaða leiðir og hvað bæri að gera.

Rannsóknir sýndu að brottfall nemenda er af svo ólíkum toga að ekki er hægt að festa hönd á. Lagði fram skriflega tillögu.

*Torfhildur S. Þorgeirsdóttir* leiðrétti tölur sem Helga Dögg nefndi varðandi skólagjöld í Háskóla Íslands og einnig að þar væri um skráningargjald að ræða en ekki skólagjöld. Benti einnig á varðandi brottfall úr framhaldsskólum að verið sé að setja upp útibú víða um land til að halda nemendum sem lengst heima og í námi.

*Snorri Sigurðsson* varaði við umræðum um skólagjöld í ályktunum þingsins, við höfum skráningargjöld og ef opnað er á hitt vitum við ekki hversu há þau gjöld geta orðið þegar upp verður staðið.

Skjalinu með framkomnum tillögum var vísað til útbreiðslu- og fræðslunefndar.

### **Þskj. 16. Tillaga stjórnar BSRB um opinbera almannapjónustu.**

*Unnur Sigmarsdóttir* mælti fyrir tillögunni.

*Júlíana Guðmundsdóttir* benti á að setja þyrfti inn í skjalið ályktun um að tannheilsa og tannréttingar barna og unglinga yrðu settar undir almenna heilbrigðisþjónustu.

Vísað til félagsmálanefndar.

### **Þskj. 17. Tillaga stjórnar BSRB um innri mál BSRB.**

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* mælti fyrir tillögunni. Engar umræður urðu og var tillögunni vísað til útbreiðslu- og fræðslunefndar.

### **Þskj. 18. Tillaga stjórnar BSRB um félagsmál.**

*Unnur Sigmarsdóttir* mælti fyrir tillögunni. Engar umræður urðu og var tillögunni vísað til félagsmálanefndar.

### **Þskj. 19. Tillaga stjórnar BSRB um jafnréttismál**

*Ársæll Ársælsson* mælti fyrir tillögunni.

*Einar Ólafsson* benti á að ástæða væri til að orðið „kynhneigð“ bættist við upptalningu í 2. málagrafi.

*Birna Karlsdóttir* benti á að þar sem í skjalinu stendur „leiðréttur kynbundinn launamunur“ ætti að vera „óútskýrður kynbundinn launamunur“. Þá ætti í upptalningunni í 2. málagrafi að koma „litarháttur“ í stað „litarhaft“.

*Anna Atladóttir* benti á mikilvægi þess að vinna gegn áreiti og ofbeldi á tímum atvinnuleysis þegar menn óttast að segja frá vegna hættu á að missa vinnuna.

*Jónas Engilbertsson* benti á að hjá Reykjavíkurborg eru menn hættir að tala um jafnrétti, í stað jafnréttisnefndar sé komin mannréttindanefnd. Við ættum kannski að huga að þeirri breytingu. Allt sem hjá okkur er nefnt í tillögunni fellur undir mannréttindi.

*Rannveig Sveinbjörnsdóttir* benti á að í ályktuninni þyrfti að víkja að launaleynd.

Vísað til jafnréttisnefndar.

### **Þskj. 20. Tillaga stjórnar BSRB um lífeyrismál.**

*Helga Hafsteinsdóttir* mælti fyrir tillögunni. Engar umræður urðu um tillöguna og var henni vísað til starfskjaranefndar.

Fundi slitið klukkan 16:02.

Þingfulltrúar héldu til hátíðardagskrár í Háskólabíói sem hófst kl. 17:30.

## Fimmtudagur 22. október 2009

Dagurinn hófst á nefndastörfum klukkan 8:30 og skyldi ljúka fyrir hádegismat sem hefjast átti kl.12:00. Ljóst var klukkan 12:50 að störfum allsherjarnefndar yrði ekki lokið fyrir fyrirlestur gestafyrirlesara og munu nefndarmenn halda áfram störfum sínum í nefndinni að fyrirlestri loknum.

Kl. 13 setti þingforseti fund, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna og kynnti gestafyrirlesara, Pál Skúlason, prófessor. Fyrirlestur hans bar yfirskriftina „**Staða mála í heiminum. Hvað er til ráða?**“

Útdráttur úr fyrirlestrinum og glærur fyrirlesarans hafa verið birtar á vef BSRB, sjá fskj. 2. Að loknum fyrirlestrinum gafst þingfulltrúum kostur á að bera fram fyrirspurnir og spunnust af því nokkrar umræður.

*Forseti* setti fundinn aftur kl.14:27 og gaf *Önnu Atladóttur* orðið.

*Anna Atladóttir* er einn af stofnfélögum Amnesty International og tilkynnti að hún mundi leggja fram herferðarkort samtakanna sem hún biður fundarmenn að samþykkja ef þeir eru sammála textanum. Barátta gegn stærsta fangelsi í heimi – fátækt. Kortin munu liggja frammi á þinginu svo fundarmenn geti skrifað nöfn sín á þau.

## 6. Nefndaálit, umræður og afgreiðsla þingmála

Umræður um þingskjöl frá nefndum og afgreiðsla þeirra fóru fram dagana 22. og 23. október. Þær hófust fyrri daginn um kl. 14:30 og stóð fundur til kl. 22:00. Seinni daginn hófust umræður kl. 8:30 og stóðu til kl. 13:45, en þá voru tekin fyrir önnur mál. Hér eru umræður raktar samkvæmt röð þingskjala þótt þau hafi ekki verið tekin fyrir í þeirri röð á þinginu. Sjá þskj. 2, dagskrá þingsins og fskj. 4, dagskrá og afgreiðsla mála.

### **Þingskjal 8a. Tillaga stjórnar BSRB um breytingu á lögum BSRB með breytingartillögum laganefndar.**

#### ***Þingfundur 22.10. 09 síðdegis.***

*Ingibjörg Óskarsdóttir* formaður laganefndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

*Guðbjörn Arngrímsson* minnti á að ákvæði 32. gr. laga BSRB um tvo varaformenn eigi sér sína sögu, þegar það var lögfest voru tvær stórar blokkir innan BSRB, ríki og sveitarfélög og varaformenn voru þá annar frá sveitarfélögum og hinn frá ríki. Hér sé verið að breyta hugsuninni um varaformenn BSRB og kannski sé það tímabært. Hann mælti síðan fyrir breytingartillögu sem hann ber fram ásamt Ara B. Thorarensen við 16. grein þingskapa, en fyrir liggur breytingartillaga við hana frá stjórn um að stjórn BSRB skuli gera tillögur um fjölda í nefndum. Þessi tillaga kemur fram vegna þeirrar uppákomu sem varð í gær þegar fram kom tillaga um mann í kjörnefnd og ákveðið var að fjölga um tvo í nefndinni.

*Valdimar Leó Friðriksson* gerði að umræðuefni breytingartillögur stjórnar og laganevndar á grein 26. Telur hana íþyngjandi fyrir þau félög sem eru með marga félagsmenn sem vaktavinnumenn.

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* tók undir að þetta þyrfti að skoða þótt hún skilji rökin fyrir breytingartillögunni. Hún gerði grein fyrir þeim vandamálum sem þessi breyting skapaði fyrir sjúkraliða og Sjúkraliðafélagið vegna sveiflna á heildarlaunum sjúkraliða.

*Forseti* bendir á að breytingartillaga vegna lagabreytinga verði að varða efnislega það sem um er að ræða í þeim lagabreytingartillögum sem liggja fyrir þinginu. Tillaga Guðbjörns Arngrímssonar og Ara B. Thorarensen geri það ekki þar sem hún geri ráð fyrir að inn komi nýtt atriði óháð þeirri breytingartillögu sem fyrir liggur. Beinir þeim tilmælum til þeirra að þeir dragi tillögu sína til baka.

*Garðar Hilmarsson* tók til máls um 26. gr. og benti á að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar eigi erfitt með að greiða rétt til BSRB vegna erfiðleika við að fá réttar upplýsingar frá vinnuveitendum, en sú breytingartillaga sem fyrir liggur mundi greiða úr því.

*Helga Hafsteinsdóttir* kvaðst telja eðlilegt og réttlátt að greiðsla sé hlutfall af heildarlaunum. *Guðbjörn Arngrímsson* mótmælir þeirri túlkun að breytingartillaga þeirra Ara sé ótæk. Dregur hana ekki til baka en gerir á henni breytingu og þá hljóðar hún svo:

16. gr.

Á hverju aðalþingi er skylt að kjósa í eftirtaldar nefndir:

1. Starfskjaranefnd.
2. Fræðslunefnd.
3. Allsherjarnefnd.
4. Kjörnefnd.
5. Aðrar nefndir samkvæmt ákvörðun þingsins.
6. *Stjórn BSRB skal gera tillögur um fjölda í nefndum.*

(síðan áfram óbreytt – viðbætur skáletraðar)

*Forseti* tilkynnir að hann muni vísa þessu álitaefti til lögfræðings BSRB.

*Ari B. Thorarensen* telur að með breytingartillögunni sé búið að opna fyrir breytingar á lagagreininni.

*Friðrik Atlason* gerir athugasemd við þá breytingartillögu stjórnar við 2. gr. að 3. liður hljóði svo: „að vinna að auknum mannréttindum og jafnrétti“. Tillaga Friðriks er þessi:

að 3. liður hljóði svona: Að vinna að jafnrétti.

svo komi 4. liður sem segir: að vinna að auknum mannréttindum.

Aðrir liðir komi svo í kjölfarið.

Rökstuðningur hans er: „Það er grundvallarmunur að tala um mannréttindi og jafnréttindi og mér sýnist að þarna sé verið að þynna jafnréttindin út og það er stórhættulegt. Alveg sama hvað allir eru orðnir leiðir á að tala um jafnrétti.“

*Puríður Einarsdóttir* ræddi 26. gr. og sagði að í Póstmannafélagi Íslands væru þrjár hópar með mismunandi launasamsetningu og einn hefði föst laun þar sem óljóst væri hvað væru dagvinnulaun, hvað vaktaálag og hvað yfirvinna. PFÍ hefur því lent í erfiðleikum með að finna út iðgjöld til BSRB eins og St.Rv.

*Valdimar Leó Friðriksson* hafnar þeim rökum að skattur til BSRB verði hækkaður vegna erfiðleika sumra við að reikna.

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* sagði Helgu Hafsteinsdóttur misskilja málflutning sinn. Sagði að hugsanlega væri best að fresta breytingum á 26. grein.

*Sverrir Björn Björnsson* upplýsti að hann hefði gögn varðandi vandamálin með 26. grein á tölvutæku formi.

*Forseti* bað hann um að koma aftur með þau þegar búið yrði að undirbúa það tæknilega.

*Arna Jakobína Björnsdóttir* sagði að ekki stæði til að hækka iðgjöldin heldur væri stefnt að sömu krónutölu og félögin greiða nú.

*Guðjón Sverrisson* hefur starfað sem prentari og þar er þetta einfalt með félagsgjöldin – launataxti og allir greiddu jafnt.

*Guðbjörn Arngrímsson* sagði alltaf hafa verið skýrt að ekki á að hækka skattinn til BSRB.

Hægt sé að lækka hlutfallið ef greitt sé af heildarlaunum þannig að greiðslur verði óbreyttar í krónutölum.

*Snorri Magnússon* tekur undir með Valdimar og Kristínu.

*Ari B. Thorarensen* telur tillöguna illa kynnta og þörf sé á nánari upplýsingum.

*Pórarinn Eyfjörð* segir að fyrst og fremst sé verið að fjalla um formbreytingu á afgreiðslu félagsgjalds til BSRB. Tekjur eigi ekki að hækka heldur verða þær sömu. Áhrifin eru þó ekki ljós þar sem ekki er búið að reikna þau út.

*Helga Dögg Sverrisdóttir* fagnar breytingartillögum við 32. grein um skipan og hlutverk varaformanna. Fagnar þeirri tillögu að fyrsti varaformaður taki við af formanni. Hefur ekki skilið hvernig tveir skipstjórar stýra skútu. Ennfremur sé það úrelt að embættum sé deilt milli félaga heldur eigi að velja þann sem hæfastur er til að vinna fyrir heildina.

Meðan á kaffihlé stóð var tölva tengd við skjávarpa til að sýna skjal sem *Sverrir Björn Björnsson* hafði kynnt í umræðunum. Þar var um að ræða ársgamla launakönnun sem lögð var fram á stjórnarfund í apríl 2008 þar sem sjá má mismunandi launasamsetningu eftir félögum.

*Puríður Einarsdóttir* vildi benda forsetum á 5. gr. þingskapalaga um að engir mega taka oftari en tvisvar til máls. Taldi varðandi 26. gr. ekki stórmál að finna út hvaða hlutfall þyrfti að greiða.

*Valdimar Leó Friðriksson* bar upp frávísunartillögu á þá breytingartillögu sem kom frá laganefnd.

Frávísunartillagan var samþykkt og þá stendur eftir upphafleg tillaga stjórnar.

*Sigurbjörn Halldórsson* gagnrýnir stjórnarmenn fyrir að hafa ekki unnið heimavinnuna sína betur. Hann fagnar þeirri tillögu að tekið verði af skarið með varaformanninn með breytingu á 32. grein. Óþægilegt hafi verið að hafa tvo varaformenn þegar Ögmundur fór frá. Þá bendir hann á að ástæða hefði verið til að frambjóðendur kynntu sig á fyrsta degi þingsins.

*Forseti* tilkynnti að bætt hefði verið inn dagskrárlið á morgun þar sem frambjóðendur fá fimm mínútur til að kynna sig. Ekki hafi verið hægt að gera það fyrir því að menn hafi enn tækifæri til að bjóða sig fram til formanns.

*Elín Björg Jónsdóttir* lýsir yfir stuðningi við breytingartillöguna við 32. gr. Hún hafi sjálf kynnt því hversu slæmt núverandi fyrirkomulag sé þótt ágætt samkomulag hafi verið á milli varaformannanna.

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* tekur undir að heimavinnan hafi ekki verið nógu góð og tekur það fyllilega til sín. Gerir það að tillögu sinni að breytingartillögu stjórnarinnar við 26. gr. sem nú liggur eftir verði vísað til stjórnar til frekari vinnslu fyrir næsta þing BSRB.

*Snorri Magnússon* tekur einnig undir gagnrýni vegna ónógrar vinnu stjórnar vegna lagabreytinga og hann tekur það að hluta á sig eins og Kristín. Hugmyndin var sú að hafa

tvöfalda prósentu í kynningu Guðbjörns fyrir stjórninni. Biður hann Guðbjörn að leiðrétta sig ef hann fari með rangt mál.

Athugasemd kom utan úr sal um hvort tillaga Kristínar sé ekki frávísunartillaga sem taka eigi strax fyrir. Forseti vísar í 12. gr. þingskapa um það sem segir um forgangstillögur í 5. lið.

*Pórarinn Eyfjörð* telur að það gæti valdið vandræðum að hafa mismunandi hlutfallstölur vegna iðgjalda þegar til framtíðar sé litið. Hann telur tillögu Kristínar skynsamlega en kannski ætti ekki að bíða í þrjú ár heldur vísa til stjórnar sem afgreiði hana.

*Forseti* minnti á að við breytum ekki lögum BSRB nema á þingi, ekki á aðalfundi.

*Guðbjörn Arngrímsson* segir að með því að samþykkja breytingartillögu stjórnar við 26. gr. sé vísað til aðalfundar að ákveða hlutfallstölu til iðgjalda.

- Tillaga Kristínar Á. Guðmundsdóttur er tekin til atkvæðagreiðslu, en hún gerði þá breytingu á tillögu sinni að tekið var út „fyrir næsta þing“. Samþykkt.
- Tillaga Friðriks Atlasonar um 2. gr. borin upp og samþykkt.

*Guðbjörn Arngrímsson* spyr hvað samþykkt tillögu Kristínar þýði í raun.

*Gunnar Rúnar Matthíasson* spyr hvort við séum þar með búin að binda okkur við óbreytta 26. gr. næstu þrjú ár.

*Forseti* svarar því til að með því að breytingartillögu stjórnar hafi verið vísað frá sé 26. gr. ekki lengur til umræðu á þinginu. 26. gr. verður því óbreytt næstu þrjú ár.

*Sigurður Jónsson* leggur til að gert verði þinghlé til að átta sig á þessu.

*Forseti* telur forseta ekki þurfa að átta sig á þessu. Spyr þingheim sem svarar nei.

*Guðbjörn Arngrímsson* leggur til að þessu verði vísað til laganeftdar og málið tekið aftur fyrir á morgun.

*Garðar Hilmarsson* tekur undir með Guðbirni en leggur áherslu á að þetta verði gert í góðri sátt. Því telji hann að rétt sé að vísa málinu frá og taka aftur upp á næsta þingi en þó verði laganeftnd látin fjalla um málið.

*Forseti* samþykkir þá málsmeðferð og ber undir þingheim hvort vísa eigi málinu til laganeftdar. Samþykkt.

## **Þingskjal 8a. Seinni umræða.**

### ***Þingfundur 23.10.09 síðdegis.***

*Forseti* leggur fyrir þingið hvort það vilji taka aftur upp breytingartillögur við 26. gr. laga BSRB. Skv. 13. gr. þingskapa BSRB er það heimilt ef þingið samþykkir það með 2/3 hlutum atkvæða. Það var samþykkt með tilskildum meirihluta.

Laganeftnd lagði til að breytingartillaga stjórnar við 26. gr. yrði aftur til umræðu og afgreiðslu.

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* tók til máls og minnti m.a. á mikilvægi vinnudeilusjóðs og gagnrýndi þá breytingu sem gerð var á honum á síðasta þingi. Hún mælti gegn tillögunni að breytingu á 26. gr. Taldi þá lausn að félög greiði misjafnt hlutfall flókna og erfiða í framkvæmd. Þá gagnrýndi hún að réttindaneftnd BSRB hefði ekki verið kölluð saman frá síðasta hausti.

*Halldóra Klara Valdimarsdóttir* leggur fram frávísunartillögu á breytingartillögu stjórnar við 26. gr. Tillagan var borin upp og samþykkt með 112 atkv. gegn 69.

*Marías Guðmundsson* tók til máls um fundarstjórn. Honum fannst í gær að orðið hefðu mistök í fundarstjórn. Samkvæmt félagslögum bæri að hafa tvær umræður um lagabreytingar. Því hefði átt í gær að vísa þessum tillögum til annarrar umræðu og þar með bæri að taka aftur upp breytingartillögu laganefnar við tillögur stjórnar.

*Puríður Einarsdóttir* sagði varðandi tal um slæma kynningu á þessari tillögu, að hún hafi verið kynnt á á stjórnarfundum og þingmenn fengið hana senda fyrir fjórum vikum. Þá sagði hún að allir nefndarmenn í réttindanefnd geti beðið um fund í nefndinni ef þeir vilja.

*Torfhildur Þorgeirsdóttir* segist skilja vaktaálag sem óþægindaálag og ekki sé eðlilegt að af því sé greitt.

*Jónas Engilbertsson* sagði varðandi vinnudeilusjóðinn að minni líkur væru á verkföllum nú en áður hefði verið.

*Forseti* sagði vegna ummæla Maríasar að í gær hafi komið fram frávísunartillaga og því bar að taka hana upp í gær, þó svo lögin kveði á um fyrri og seinni umræðu. En nú er seinni umræða um tillögur laganefnarinnar.

*Garðar Hilmarsson* segist skilja föst laun svo að inni í þeim sé föst yfirvinna, vaktaálag o.þ.h. þó svo að skilningurinn varðandi 26. gr. hafi verið grunnlaun.

*Forseti* fer nú yfir breytingartillögur við aðrar lagagreinar í þingskjali 8a. Enginn kveður sér hljóðs og eru þær því bornar upp til atkvæða.

- Tillaga stjórnar um breytingu á 2. gr. laga með þeirri breytingu (breytingartillögu Friðriks Atlasonar) sem samþykkt var í gær. Samþykkt.
- Tillaga stjórnar um breytingu á 5. gr. laga. Samþykkt.
- Tillaga stjórnar um breytingu á 11. gr. laga. Samþykkt.
- Tillaga stjórnar um breytingu á 13. gr. laga. Samþykkt.
- Tillaga stjórnar um breytingu á 15. gr. laga. Samþykkt.
- Tillaga stjórnar um breytingu á 27. gr. laga. Samþykkt.
- Tillaga laganefnar þingsins um breytingu á 28. gr. laga. Samþykkt.
- Tillaga laganefnar þingsins um breytingu á 32. gr. laga. Samþykkt.
- Breytingartillaga Guðbjarnar Arngrímssonar og Ara B. Thorarensen við tillögu stjórnar um breytingu á 16. gr. þingskapa hafði verið samþykkt daginn áður, sjá hér að neðan undir umræðum um þskj. 9.
- Tillaga stjórnar um breytingu á 16. gr. þingskapa með áorðinni breytingu. Samþykkt.
- Lögin borin upp í heild og samþykkt.

## **Þingskjal 9. Tillaga stjórnar um breytingu á reglugerð um Átaks- og vinnudeilusjóð. Þingfundur 22.10.09 síðdegis.**

*Ingibjörg Óskarsdóttir* formaður laganefnar kynnti skjalið sem kom óbreytt frá laganefnd.

*Ína Halldóra Jónsdóttir* bað um skýringar á orðalaginu í breytingartillögunni að 4. gr.: „... ráðstafanir sjóðsins verði ekki lægri en skv. 3. gr. þessarar reglugerðar“ og telur þetta ótækt orðalag. Ráðstafanir geti ekki verið lægri en eitthvað.

*Ingibjörg Óskarsdóttir* skýrir það með því að í 3. gr. segir: „Ekki má ráðstafa peningalegri eign hans niður fyrir 50 milljónir miðað við lánskjaravísitölu 1. janúar 2007.“

*Forseti* benti á að lagfæra mætti þetta með því að orðalaginu yrði breytt í „...ráðstafanir sjóðsins verði í samræmi við 3. grein þessarar reglugerðar.“

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* tekur undir þetta.

*Puríður Einarsdóttir* leggur til að þessu verði vísað til laganefnar.

Forseti telur það óþarft og ber formlega upp tillögu sína.

- Tillaga forseta samþykkt.
- Þskj. 9 borið undir atkvæði og samþykkt með þessari breytingu.
- Tekin var fyrir breytingartillaga Guðbjörns Arngrímssonar og Ara B. Thorarensen við tillögur stjórnar um breytingu á 16. grein þingskapa BSRB og hún borin undir atkvæði. Samþykkt. (Ath. Lögin og þingsköp voru síðar samþykkt í heild, sjá hér að ofan undir þskj. 8a, seinni umræða).

### **Þingskjal 10a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um efnahagsmál með breytingum allsherjarnefndar.**

**Þingfundur 23.10.09 að morgni.**

*Elín Björg Jónsdóttir* talsmaður allsherjarnefndar kynnir tillöguna og þær breytingar sem nefndin leggur til.

*Pjetur Hafstein Lárusson* telur hæpið að segja að þjóðin gangi nú í gegnum eitt mesta samdráttarskeið í sögu þjóðarinnar, eins og segir í skjalinu.

*Anna Atladóttir* bendir á að segja megi „á seinni tímum“.

*Pjetur Hafstein Lárusson* telur þetta mega vera eins og í upphaflegu tillögunni, „hundrað ár“.

*Þórdís Sigurgestsdóttir* tekur undir með Pjetri og leggur fram þá breytingartillögu að í stað þessarar setningar komi „Í kjölfar hrunsins gengur þjóðin í gegnum samdráttarskeið“.

*Sigríður Kristinsdóttir* spyr af hverju áhersluliðurinn „Hagnaður fyrirtækja þarf að skila sér í meira mæli til launafólks“ hafi verið felldur niður. Skilur ekki að hagnaður megi ekki skila sér til launafólks, hagnaður eigi að vera bæði starfsfólki og fyrirtæki til góðs.

*Garðar Hilmarsson* leggur til að orðin „í sögu lýðveldisins“ komi í stað „í sögu þjóðarinnar.“

*Einar Ólafsson* gagnrýnir að áhersluliðurinn „Stuðla skal að dreifðari eignaraðild stórfyrirtækja“ hafi verið felldur niður. Bendir á að það hafi verið vandi hér á landi að stórfyrirtæki sem hafa þanið sig yfir allt og ýtt út smærri fyrirtækjum og fjölbreytni.

Kapítalistarnir sjálfir komi í veg fyrir einkaframtak í þessu landi.

*Dagný Guðmundsdóttir* skýrði hvers vegna nefndin hefði felld út áhersluliðinn um hagnað fyrirtækja. Það var vegna þess að talið var að þetta mætti skilja sem ósk um bónusa og sú hugsun var eitthvað sem nefndarmönnum hugnaðist ekki.

*Anna Atladóttir* benti á að víða hefði það verið harðlega gagnrýnt að laun starfsfólks væru lækkuð meðan hluthafar fengu arð og þetta mætti orða á einhvern þann hátt.

*Sigurður Helgason* tók undir orðalagstillögu Garðars. Hann taldi að ástæða hefði verið til að fjalla um stöðu íslensku krónunnar í þessari ályktun, en hún hefði dugað afar illa á lýðveldistímum.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs.

Tvær tillögur lágu fyrir um breytingu á fyrstu setningu eftir fyrstu greinarskil sem hefst svo: „Í kjölfar hrunsins...“. Fyrst var tekin sú tillaga sem gekk lengra.

- Tillaga Þórdísar Sigurgestsdóttur um að í stað umræddrar setningar komi setningin „Í kjölfar hrunsins í íslensku efnahagslífi gengur þjóðin nú í gegnum samdráttarskeið“. Felld.
- Tillaga Garðars Hilmarssonar að setja inn „sögu lýðveldisins“ í stað „sögu þjóðarinnar“. Samþykkt.

- Þskj. 10a borið upp í heild með áorðnum breytingum. Samþykkt samhljóða.

## **Þingskjal 11a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um atvinnumál með breytingum allsherjarnefndar.**

***Pingfundur 23.10.09 fyrir hádegi.***

*Elín Björg Jónsdóttir* framsögumaður allsherjarnefndar kynnti skjalið og gerði grein fyrir umræðum um það í nefndinni.

*Jónas Engilbertsson* vék að ýmsu. Meðal annars finnst honum vanta að mannaðurinn komi fram, hann sé það sem við eigum og standi undir öllu. Þá spyr hann hvað sé átt við með „þjóðhagslega hagkvæmt.“

*Sigurður Helgason* tekur undir með Jónasi um þjóðhagslega hagkvæmu fyrirtækin. Var í nefndinni en skildi þetta aldrei og telur best að fella þetta út og hafa bara það að aðstoða fyrirtæki. Þá sagði hann að lítið eða varlega hefði verið fjallað um sjávarútvegsmálin. Skiptar skoðanir væru og sterk öfl hér sem vilja halda þeim óbreyttum. Rætt um að komið yrði með tillögu um að auðlindin gengi aftur til þjóðarinnar. Spurning hversu þjóðhagslega hagkvæm sjávarútvegsfyrirtækin séu sem flytja út afurðir og stofna leppfyrirtæki erlendis svo að gjaldeyririnn skili sér ekki heim. Þau séu skuldug, við vitum ekki hverjir eiga fyrirtækin í dag, skilaneindir eða erlendir bankar, og gætu lent í höndum erlendra aðila, sem væri slæmt mál. Ber fram þá tillögu að orðin „þjóðhagslega hagkvæmt“ verði felld niður.

*Guðbjörn Arngrímsson* fagnar nýrri grein í skjalinu um íslenskan landbúnað og að það þurfi að styrkja rekstrargrundvöll hans en telur að í skjalinu sé gert upp á milli atvinnuveganna og þá halli á sjávarútveginn. Brá á glens: Meginstoðirnar eru kjöt og fiskur – eigum að hugsa meira um kjötið.

*Anna Atladóttir* minnir Guðbjörn á grænmetið. Er eins og Jónas ekki viss um hvað sé átt við með þjóðhagslega hagkvæmum fyrirtækjum. Það sé arðbært að selja garðyrkjubændum rafmagn á sama verði og álverum. Meðan álver mengi sé það þjóðhagslega hagkvæmt að hætta að flytja grænmeti um hálfan hnöttinn með tilheyrandi mengun. Auk þess sé grænmetið sem ræktað er hér betra.

*Guðbjörn Arngrímsson* bendir Önnu á að kjöt sé forunnið grænmeti.

*Þórdís Sigurgeirsdóttir* lagði til að setningin „Aðstoða þarf þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki...“ yrði felld út enda hefði inntaki hennar verið gerð skil framar í skjalinu.

*Páll Steinþórsson* sagði frá umræðum í nefndinni um „þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki“.

*Dagný Guðmundsdóttir* taldi erfitt að átta sig á hvað væri átt við með „þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki“. Sum væru það augljóslega, önnur ekki, en stundum væri það óljóst og færi eftir því hvernig væri lítið á málið.

*Gerður Magnúsdóttir* sagði að sér kæmi á óvart að ekkert skyldi vera fjallað um stóriðju og virkjanir í skjalinu. Lagði til að eftirfarandi yrði bætt inn í skjalið: „Farið verði mjög varlega í allar virkjunaráætlanir eða stóriðjuframkvæmdir, enda ríkir mjög mikill vafi á þjóðhaglegri hagkvæmni þeirra.“

*Hallgrímur Hallgrímsson* gerir tillögu um orðalagsbreytingu í næstsíðasta áherslupunkti:

„Lagt er til að hvatt verði til innkaupa ...“ breytist í „Hvatt er til innkaupa ...“

*Jónas Engilbertsson* gantaðist við Guðbjörn og sagði hann m.a. jafnnauðsynlegan á þingi og ræðupúltið.

*Helga Dögg Sverrisdóttir* gagnrýndi pólitíska umræðu á þinginu, sér þættu stefnumál Samfylkingarinnar og Vinstri grænna einum of áberandi. Gagnrýndi orð Gerðar Magnúsdóttur.

*Ása Hauksdóttir* lagði til að inn í ályktunina bættist eftirfarandi: „Áhersla verði lögð á að styrkja menningartengda ferðamennsku.“

*Guðmundur Ingi Waage* gagnrýndi tillögu Gerðar. Hjá honum eru áhyggjurnar hvað mestar af því hvað barnabörnin hans lendi í að greiða mikið af gjaldeyrisskuldum þjóðarinnar og vill hann gera þeirra skuldir sem minnstar. Til þess þurfum við að gera allt sem hægt er. Lagði til að eftirfarandi yrði bætt inn í ályktunina: „Hraðað verði sem kostur er gjaldeyrisskapandi framkvæmdum.“

*Guðbjörn Arngrímsson* tekur undir nauðsyn þess að gjaldeyrisskapandi atvinna verði aukin. *Sigurbjörn Halldórsson* átalði þingheim fyrir skvaldur og tók undir að setningin um „þjóðhagslega hagkvæm fyrirtæki“ verði tekin út.

*Elín Brimdís Einarsdóttir* leggur til að inn í ályktunina verði bætt: „Allur fiskur sem að landi kemur fari á markað innanlands.“

*Einar Ólafsson* segir að hér sé meira og minna verið að fjalla um pólitík. Ekkert sé við því að segja þótt eitthvað sé nær sumum stjórn mála flokkum en öðrum. Hins vegar höfum við borið gæfu til að skauta framhjá erfiðum ágreiningsmálum og við eigum að leggja áherslu á það eins og verið hefur að ná sátt um málin.

*Þórarinn Eyfjörð* lagði fram tillögu að inn í ályktunina bættist: „Tryggja þarf að allar auðlindir Íslands verði í almannaeigu og að það verði tryggt með ákvæði í stjórnarskrá.“

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og var gengið til atkvæða um tillögur.

- Tillaga Elínar Brimdísar Einarsdóttur. Felld.
- Tillaga Þórdísar Sigurgestsdóttur. Felld.
- Tillaga Sigurðar Helgasonar. Felld.
- Tillaga Hallgríms Hallgrímssonar. Samþykkt.
- Tillaga Gerðar Magnúsdóttur. Felld.
- Tillaga Guðmundar Inga Waage. Samþykkt.
- Tillaga Ásu Hauksdóttur. Samþykkt.
- Tillaga Þórarins Eyfjörð. Samþykkt.
- Þskj. 11a með áorðnum breytingum. Samþykkt samhljóða.

**Þingskjal 12a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um alþjóðamál með breytingum félagsmálanefndar.**

**Þingskjal 12a-b. Tillaga félagsmálanefndar að ályktun um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS).**

***Þingfundur 22.10.09 síðdegis.***

*Kristín Á. Guðmundsdóttir*, talsmaður félagsmálanefndar, gerði grein fyrir þessum skjölum og fyrir vinnu nefndarinnar. Nefndin leggur til að sá hluti tillögu stjórnar sem snýr að AGS sé gerður að sérstakri ályktun og þannig er þskj. 12a-b til komið. Þá gat hún þess að inn til nefndarinnar hefði borist erindi um að rætt yrði um mansal. Lagði hún það inn til þingforseta og óskaði eftir að þeir kæmu því til þeirrar nefndar sem fjalla ætti um málið. (Tillögunni, sem var undirrituð af Friðriki Atlasyni, var síðar dreift sem þskj. 22).

*Ingibjörg Óskarsdóttir* spyr um síðustu setningu skjalsins, hvað sé átt við með því að breyta þurfi alþjóðlega efnahagskerfinu og móta þurfi nýtt.

*Anna Atladóttir* fjallaði um og útskýrði þetta atriði.

*Þórarinn Eyfjörð* spurði um þann lagaramma sem getið er í þriðju málsgrein tillögunnar, um hvaða lagaramma sé að ræða, er um að ræða íslensk lög?

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* tók undir skýringar Önnu Atladóttur á síðustu setningunni og vísaði líka til erindis Páls Skúlasonar fyrr um daginn. Varðandi fyrirspurn Þórarins sagði hún að við þyrftum að plægja akurinn hér heima fyrst áður en við færum inn í ESB. Minnti einnig

á að verði sérályktunin um AGS (þskj. 12a-b) samþykkt falli út það segir um AGS í þskj. 12a, þ.á.m. í áherslupunktunum aftast í skjalinu.

*Forseti* benti á að líka væri verið að fjalla um ályktunina um AGS (þskj. 12a-b)

*Vésteinn Valgarðsson* vildi skerpa á ályktuninni í þskj. 12a-b. Í stað síðustu setningarinnar komi: „BSRB krefst þess að samningnum við AGS verði tafarlaust sagt upp.“

Þá flutti hann þinginu tvær vísur:

Stöndum saman, stöndum vörð,  
stendur á landið bylur:  
Alþjóðagjaldeyrissjóður svörð  
sviðinn eftir skilur.

Sjóður tryggja veitir vörn  
– valdinu yfir hýrnar:  
Sveltum gamla, sjúka og börn  
og seljum mjólkurkýrnar.

*Anna Atladóttir* fjallaði um skilyrði AGS og hversu erfitt væri að átta sig á hvað það þýddi annarsvegar að halda áfram samstarfinu og hinsvegar að slíta því. Vitnaði til orða Einars Más Guðmundssonar um að ef við tækjum ekki lánið yrðum við Kúba, ef við tækjum það yrðum við Haiti.

*Hafdís Vilhjálmsdóttir* skilur ekki síðustu greinina í þskj.12a þrátt fyrir útskýringar Önnu. Við séum innan við 300 hér á þinginu, erum við að staðsetja okkur enn einu sinni úti í heimi og fara að stjórna þar?

*Sigríður Kristinsdóttir* minnti á að við værum ekki einangrað félag, BSRB, við ættum systurfélög úti um allan heim. Verkalýðshreyfingin um allan heim sé kúguð og við skyldum vinna með þeim.

*Anna Atladóttir* kveðst að mörgu leyti geta skilið næstsíðasta ræðumann sem sér ekki hvernig BSRB gæti haft áhrif á þessi mál. Tók síðan dæmi um hvernig fyrirtæki hér og erlendis geta hagað málum þannig að þau gætu dregið að sér fé. Lagaumgjörðin eða skortur á henni gerði þetta kleift.

*Birna Karlsdóttir* lagði til orðalagsbreytingu í þskj. 12a-b: Í stað setningarinnar „Það tjón sem hljótast mun...“ komi: „Óbætanlegt tjón mun hljótast af niðurskurði velferðarkerfisins.“ Þá benti hún á að þar sem stendur „systurfélög“ í 2. málsg. þskj. 12a fari betur að setja „systurfélög“.

*Gunnar Rúnar Matthíasson* vill að síðasta málsgreinin (um breytingar á alþjóðlega efnahagskerfinu) haldi sér. Við erum hluti af alþjóðlegum samtökum, við getum verið dropinn sem holar steininn og við eigum ekki að gefast upp. Horfum á tillöguna sem leiðsögn og hvetjum stjórnarmenn og aðra að láta rödd sína heyrast. Það verður hlustað á okkur, ekki hvað síst vegna þeirrar stöðu sem þjóðin er í. Þá telur hann brýnt að þingið sendi frá sér ályktun um AGS sem sé skýr og skorinorð en treystir sér ekki til að taka undir kröfu um að samningnum um AGS verði rift.

*Guðmundur Ingi Waage* tekur undir orð síðasta ræðumanns. Hann telur þingið ekki hafa forsendur til að meta hvort rétt sé að hafna láni AGS þótt hann vildi það gjarnan ef hægt væri. *Vésteinn Valgarðsson* ræddi um hlutverk og eðli AGS sem handrukkara og taldi rétt að þingið tæki jafnstærkt til orða og hann kom með í sinni tillögu.

*Anna Atladóttir* tók undir með Vésteini og færði þinginu viðbótarupplýsingar um Botswana sem Vésteinn hafði vikið að í máli sínu.

*Birkir Högnason* segir ekkert athugasvert við að þingið álykti um að hætt verði samvinnu við AGS, enda sé útlit fyrir að velferðarkerfið verði skorið niður.

*Anna Árnadóttir* kveðst í fyrstu hafa haldið að AGS myndi bjarga okkur, en nú óttaðist hún að ef við samþykktum að taka lánið þýddi það að Bretar og Hollendingar yrðu með spottann í höndunum.

*Sigurður Helgason* segir að sér finnist gríðarleg afneitun í samfélaginu. Við séum í þessari stöðu en kennum öllum öðrum um; allir séu óvinir okkar. Hún vill mælast til þess að við vísum tillögunni um AGS (þskj. 12a-b) frá eða fellum. Hrósar þó Vésteini fyrir kveðskap og flytur þinginu svohljóðandi limru:

Mikið er þrasað á þinginu  
og þrengingar eru í landinu.  
Er það óskín mín ný  
að við fáum nú frí  
frá Alþjóðagjaldeyrisstandinu.

Fleir kvöddu sér ekki hljóðs og voru tillögur bornar undir atkvæði.

- Tillaga Vésteins Valgarðssonar. Felld með nokkrum mun.
- Tillaga Birnu Karlsdóttur. Samþykkt.
- Þingskjal 12a-b með áorðnum breytingum. Samþykkt samhljóða.
- Þingskjal 12a borið upp þeim úrfellingum (4. msgr. og 4. áherslupunktur) sem stafa af samþykkt þskj. 12a-b. Samþykkt samhljóða.

### **Þingskjal 13a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um umhverfismál með breytingum allsherjarnefndar.**

***Þingfundur 23.10.09 fyrir hádegi.***

*Elín Björg Jónsdóttir* talsmaður allsherjarnefndar kynnir skjalið og breytingar nefndarinnar á því.

*Gunnar Rúnar Matthíasson* lagði til að fastar yrði kveðið á um að náttúruauðlindir eigi að vera sameign og nýta í þágu allra. Lagði fram eftirfarandi breytingartillögu: Í stað orðanna „Náttúruauðlindir okkar eru...“ komi „Náttúruauðlindir okkar skulu vera...“.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs. Tillögur bornar undir atkvæði.

- Tillaga Gunnars Rúnars Matthíassonar. Samþykkt einróma.
- Þskj. 13a með áorðnum breytingum. Samþykkt einróma.

### **Þingskjal 14a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um kjaramál með breytingum starfskjaranefndar.**

***Þingfundur 22.10.09 síðdegis.***

*Sigríður Kristinsdóttir* talsmaður starfskjaranefndar kynnti skjalið og gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

*Guðmundur Garðar Guðmundsson* lagði til að í stað orðanna í 1. setningu, „atvinnustig í sögulegu lágmarki“, kæmi „atvinnustig óviðunandi“.

*Kristín Ólafsdóttir* taldi vera misræmi í orðalagi varðandi rétt trúnaðarmanna vegna fræðsluöflunar og vildi breytingu á næstsíðustu setningu skjalsins.

*Anna Árnadóttir* lagði fram tvær viðbótartillögur. Annarsvegar: „Stytta ber vinnuviku frá 40 stundum í 36.“ Hinsvegar: „Veikindadagar skulu vera 15 vegna veikinda fjölskyldu, maka og foreldra.“

*Sigurður Friðbjólfsson* kom með skýringu vegna ummæla *Kristínar Ólafsdóttur* og sagði orðalag tillögunnar stafa af mismunandi ákvæðum í kjarasamningum.

*Helga Dögg Sverrisdóttir* telur ástæðulaust að auka veikindadaga vegna maka og foreldra og hvers sem er. Við eigum öll veikindarétt sem við getum notað og höfum líka sjúkra- og styrktarsjóði sem við getum sótt í.

*Vésteinn Valgarðsson* lagði fram viðbótartillögu: Við upptalningu áherslupunkta bætist: „Verði launaskerðingar ekki umflúnar ber að auka önnur réttindi í staðinn.“

*Torfhildur Þorgeirsdóttir* vill hafa betri skilgreiningu vegna veikindadaga, þ.e. börn, makar, foreldrar.

*Garðar Hilmarsson* tekur undir tillögu um rétt vegna veikinda maka.

*Ari B. Thorarensen* lýsir yfir stuðningi við tillögu *Vésteins Valgarðssonar* og vísar til síðustu kjarasamninga þar sem ekkert kom í stað þess sem vantaði í launalið.

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* er efins um tillögu *Vésteins*. Við lifum ekki á auknum réttindum og auk þess óttast hún að hana megi túlka sem svo að við sættum okkur við launalækkunir. Vissulega þurfum við að ná auknum réttindum en óráðlegt sé að setja svona inn í ályktun þingsins.

*Birna Ólafsdóttir* leggur fram breytingartillögu við næstsíðasta lið ályktunarinnar þannig að hann verði: „Efla þarf fræðslu trúnaðarmanna og gæta þess að réttur þeirra vegna fræðsluöflunar í þágu stéttarféлага verði aukinn.“

*Vésteinn Valgarðsson* bendir á upphafsorð tillögu sinnar og nauðsyn þess að hafa plan B.

Fleiri voru ekki á mælendaskrá og var gengið til atkvæða um tillögur.

- Tillaga *Vésteins Valgarðssonar*. Felld.
- Fyrri tillaga *Önnu Árnadóttur* (stytting vinnuviku): Samþykkt með þorra atkvæða.
- Seinni tillaga *Önnu Árnadóttur* (veikindaréttur). Umræður urðu um orðalag. Niðurstaðan var eftirfarandi orðalag: „Réttur til launa vegna veikinda nánustu fjölskyldu skal vera 15 dagar.“ Samþykkt samhljóða.

Þingforseti, *Ína Halldóra*, rifjaði upp eftirfarandi vísu vegna umræðunnar um orðalagið:

Gvendur bróðir gaf upp önd  
eins og dæmin sanna.  
Andaðist fyrir mína hönd  
og annarra vandamanna.

Vakti kátínu þingfulltrúa og létti lundina.

- Tillaga *Birnu Ólafsdóttur*. Samkomulag varð um að hún kæmi í stað tillögu *Kristínar Ólafsdóttur*. Tillaga *Birnu* samþykkt.
- Þskj. 14a. borið upp með áorðnum breytingum. Samþykkt.

Kvöldmatarhlé til kl. 20:30

**Þingskjal 15a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um fræðslumál með breytingum útbreiðslu- og fræðslunefndar.**

## ***Þingfundur 22.10.09 eftir kvöldmat.***

Guðríður Sigurbjörnsdóttir talsmaður útbreiðslu- og fræðslunefndar kynnti skjalið. Í nefndinni voru sjö konur og í framhaldi af því varð eftirfarandi vísa til:

Ógurleg birtist ógnin hér  
Íslands bestu sonum.  
Ein skaðræðisnefndin skipuð er  
skelfilega tómum konum.

(höf. Sigurður Helgason)

*Helga Dögg Sverrisdóttir* lagði til að síðasta liðnum yrði breytt og hann mundi hljóða svo:

„Að raunfærni einstaklingsins verði metin til formlegs náms.“ Þá var hún ósátt við að síðasti liður upprunalegu tillögunar hefði verið felldur niður án þess að eitthvað kæmi í staðinn annað en lenging skólaskyldunnar, enda væri brottfall ekki síður hjá fólki yfir 18 ára aldri.

*Ása Hauksdóttir* var ekki sammála hugmyndinni um lengingu skólaskyldu. Brottfall stafaði af ýmsum ástæðum, meðal annars af því að ungt fólk vildi oft leita ýmissa leiða og framhaldsskóli hentaði ekki öllum. Margir skiluðu sér til baka síðar. Það þarf að leita leiða til að finna viðunandi og fjölbreytt úrval fyrir þetta fólk. Allir þurfa að finna sinn farveg.

*Gunnar Rúnar Matthíasson* tekur undir með Ásu og leggur til að tillagan um lengingu skólaskyldu til 18 ára aldurs verði felld út, þ.e. seinni setningin í 1. áherslupunkti.

*Friðrik Atlason* leggur til að í stað áherslupunktsins „Mikilvægt er að unnið sé gegn ofbeldi...“ komi „Að aukin áhersla verði lögð á fræðslu og forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi.“ Hann bendir á að í flestum skólum séu komnar eineltisáætlanir en fræðslu og forvarnir skorti á þessu sviði.

*Anna Atladóttir* tekur undir með Helgu Dögg og Ásu, telur of litla áherslu lagða á verkmenntakennslu og bjóða þurfi upp á fleiri námsleiðir sem nú eru utan skólaskyldu.

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* sér ekkert að því að lengja skólaskyldu til 18 ára. En fólk sé líka að flosna upp úr skóla allt upp til 24 ára. Vill setja síðasta punktinn aftur inn. Varðandi 2. áherslupunkt, þá er hún ekki sátt við að tekið sé út að skólamáltíðir verði gjaldfrjálssar. Niðurgreiðslur nægi ekki.

*Sigríður Kristinsdóttir* telur mikilvægt að einhver úrræði séu fyrir börn sem hafa flosnað upp úr skóla og hafa ekkert fyrir stafni. Ekki sé þar með sagt að börn þurfi að sitja við lestur alla daga, þetta sé spurning um einstaklingsmiðað nám og bæði nám og vinnu. Fjölsmiðjan hafi verið að gera góða hluti hvað þetta varðar.

*Pjetur Hafstein Lárusson* er ekki viss um að miða eigi skólaskyldu við 18 ár heldur að skólarnir eigi að vera opnir fólki lengur, símenntun á að vera framtíðin. Vill gjarnan beina því til stjórnar að gerð verði könnun á brottfalli úr skólum með tilliti til atvinnu unglinga. Skv. könnun á Norðurlöndum um vinnu barna og unglinga vorum við í næstefsta sæti en efsta sæti hvað varðar naturvinnu.

*Lárus Haraldsson* vinnur hjá ÍTR og kemur að brottfallshópi og atvinnumálum unglinga. Nefnd sem skipuð var gat ekki skilgreint þennan hóp. Leggur fram tillögu um eftirfarandi viðbót við skjalið: „Að leitað sé leiða til að koma til móts við ungt fólks sem rekst á í hinu hefðbundna skólakerfi.“

*Ingibjörg Óskarsdóttir* spyr um samhengi lengdrar skólaskyldu og framhaldsskóla, á að skylda þau þar inn eða lengja grunnskólann?

*Guðbjörn Arngrímsson* segir að við þurfum að passa okkur á að við séum að fjalla um aðra launþega. Erum við að gagnrýna einhvern – kennara eða stefnu sveitarfélaga í málefnum grunnskóla? Honum hugnist ekki að lengja skólaskylduna. Margt annað sé hægt að gera en það fyrir unglingana.

*Garðar Hilmarsson* vill að skólamáltíðir verði gjaldfrjálsar í grunnskólum og vísar til reynslu sinnar af þátttöku í Velferðarvaktinni. Leggur fram tillögu um að 2. áherslupunktur breytist þannig: „Að skólamáltíðir verði gjaldfrjálsar í grunnskólum.“

*Dagný Guðmundsdóttir* undrast að við komum með tillögu um lengingu skólaskyldu. Sérfræðingar í skólamálum eru alltaf að funda og hún hefur aldrei heyrt þessa hugmynd frá þeim. Við eigum ekki að koma með þetta þar sem þetta er ekki okkar sérsvið. Þurfum úrræði til að börn og unglingar geti nýtt þekkingu sína og kunnáttu. Einstaklingsmiðað nám kemur ekki illa við kennara. Skólar eiga að vera þannig að þeir geti kennt einstaklingsmiðað. Þeir vilja það og við eigum að styðja við það.

*Helga Dögg Sverrisdóttir* segir kannanir sýna að brottfall úr skólum tengist oft peningaskorti. Bendir á að listnám sé metið í skólum en ekki íþróttir. Bendir einnig á skyldu og leiðir foreldra til að fylgjast með börnum sínum í skóla til 18 ára aldurs. Varðandi einstaklingsmiðað nám, þá deili fagmenn um hvað átt sé við með því.

*Anna Atladóttir* segist ekki hafa átt við að íþróttir væru metnar til náms en ekki tónlist, en listnám sé dýrt. Leggur áherslu á gjaldfrjálsar máltíðir í skólum, bendir á reynslu Finna varðandi það. Þá vanti fleiri fjölsmiðjur.

*Helga Hafsteinsdóttir* leggur fram tillögu: 1. áherslupunktur (lenging skólaskyldu) verði óbreyttur nema við hann bætist: „með áherslu á starfstengt nám.“

*Ása Hauksdóttir* segir að tónlistarnám sé metið til eininga og leiklistarnám líka. Fimleikar séu ekki metnir inn og namar þurfi t.d. að mæta í leikfimi þótt þeir æfi fimleika, allavega í Reykjavík. Frístundakortin veiti fjölskyldum afslátt sem nýta má í hvað sem er, þ.e. tónlist eða íþróttir. Varðandi áherslupunkturinn um forvarnir, þá sé ástæða til að taka inn forvarnir gegn fleiru, svo sem varðandi kynferðismál.

*Torfhildur Þorgeirsdóttir* spyr hvort hugmyndin sé að lengja grunnskólann eða gera tvö fyrstu ár framhaldsskólans að skyldunámi. Þá bendir hún á að unglingar í skólum vinni oft mikið með námi.

*Vésteinn Valgarðsson* hafnar lengingu skólaskyldu. Þá er hann á móti hverskyns gjaldtöku í skólum, hvort sem er máltíðir eða annað. Lítur á menntun sem mannréttindi og hluti þess er heit máltíð í hádeginu.

*Vala Dröfn Hauksdóttir* leggur fram eftirfarandi viðbótartillögu: „Að BSRB verði í fararbroddi við gerð fræðsluefnis fyrir ungt fólk um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.“

*Anna Árnadóttir* vill leggja áherslu á gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Ef börn hafa ekki efni á að borða vegna fátæktar getur það ýtt undir einelti. Þá vill hún ekki að sé skipt út ofbeldi og afmarkað við kynbundið. Allt ofbeldi á að vera bannað.

*Sigurður Friðþjófsson* bendir á að efni tillögu Völu Drafnar komi einnig í tillögu um innri mál BSRB, þskj. 17.

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* telur tillögu Völu Drafnar vel eiga heima í þessari ályktun.

Fleiri hafa ekki beðið um orðið og tillögur eru bornar undir atkvæði.

- Tillaga Völu Drafnar Hauksdóttur. Samþykkt samhljóða.
- Tillaga Helgu Daggar Sverrisdóttur. Samþykkt með þorra greiddra atkvæða.
- Tillaga Lárusar Haraldssonar. Samþykkt samhljóða.
- Tillaga Helgu Hafsteinsdóttur. Felld.
- Tillaga Friðriks Atlasonar. Felld.
- Tillaga Garðars Hilmarssonar. Samþykkt með þorra atkvæða.
- Tillaga Gunnars Rúnars Matthíassonar. Samþykkt.
- Þskj. 15a borið upp með áorðnum breytingum. Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið 22.10. um kl. 22:00.

**Pingskjal 16a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um opinbera almannþjónustu með breytingum félagsmálanefndar.**

***Þingfundur 23.10.09 fyrir hádegi.***

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* talsmaður félagsmálanefndar fjallaði um skjalið og breytingar á því. Þá lagði hún fram eftirfarandi breytingartillögu: Á eftir orðunum í fjórðu grein skjalsins: „Þing BSRB mótmælir þeim áformum sem birtast í stöðugleikasáttmálanum þar sem aðaláhersla er á uppbyggingu...“ komi „... hefðbundinna karlastarfa á meðan verið er að skera niður á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála þar sem kvennastörf eru í meirihluta.“

*Karl Rúnar Þórsson* leggur fram eftirfarandi tillögu:

BSRB vill stuðla að samhæfðri stefnumótun í samstarfi við ríki og sveitarfélög um nýsköpun í opinberri þjónustu. Markmið samhæfðrar stefnumótunar er að standa vörð um velferðarkerfið með því að nýta betur uppsafnaða þekkingu og reynslu starfsmanna til að treysta skilvirkni í efnahag og fjársýslu. Með nýsköpun vill BSRB tryggja atvinnugæði og öryggi, skilvirkni, gæði, þjónustusvörðun, lýðræðislega ábyrgðarskyldu, háleitari siðferðisgildi og jafna möguleika.  
(Var gert að sérstakri ályktun – þskj. 23)

Hann sagði að hjá BSRB ætti að vera til staðar samhæfð stefnumótun hvað þetta varðar, en um þetta hefði talsvert verið fjallað hjá EPSU.

*Helga Dögg Sverrisdóttir* gerir athugasemd við síðustu málsgrein í þskj. 16a: hvenær verðum við sjúklingar? Þó maður sé sjón- eða heyrnarskertur er maður ekki sjúklingur. Leggur fram breytingartillögu við síðustu málsgreinina, þar kom eftirfarandi: „...sem viðgengst vegna eðlis og uppruna sjúkdóma eða líkamlegra kvilla verði leiðrétt...“

*Birna Karlsdóttir* gerir athugasemd við orðalag þar sem fjallað er um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

*Forseti* bendir á að búið sé að samþykkja ályktun um þetta efni (þskj. 21, áður 12a-b). Spyr hvort þetta eigi að vera á báðum stöðum.

*Júlíana Guðmundsdóttir* leggur fram viðbótartillögu: „BSRB leggur til að tannheilsa barna og allt sem henni fylgir falli undir almenna heilbrigðisþjónustu.“

*Páll Hannesson* styður tillögu Karls Rúnars Þórssonar, hún bergmáli ályktun sem gerð var á síðasta þingi um stöðu almannþjónustu hér. Hvað varðar umfjöllun um AGS, þá ætti að hafa hana einnig hér. Sjaldan er góð vísa of oft kveðin og þetta þyrfti að vera hér, þótt það sé einnig í sérályktun.

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* tekur undir með Páli.

*Gunnar Rúnar Matthíasson* leggur til að tillaga Karls Rúnars verði samþykkt sem sérstök ályktun.

*Birkir Högnason* leggur fram tvær tillögur: (1) (Orðalagsbreyting, liður 9, síðasta setning) „Mikilvægt er að fyrir liggi skipulagt áhættumat þar sem fram kemur hver verði langtímaáhrif niðurskurðar og samdráttar af því tagi sem stefnt er að.“ (2) „BSRB krefst þess að sú mismunun sem viðgengst milli einstaklinga vegna eðlis og uppruna sjúkdóma þeirra, raskana eða kvilla, verði leiðrétt. Sem dæmi...“

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og tillögur eru bornar undir atkvæði:

- Tillaga Gunnars Rúnars Matthíassonar um að tillaga Karls Rúnars verði sérstakt þingskjal. Samþykkt.
- Tillaga Karls Rúnars Þórssonar. Samþykkt. Verður þskj. 23.
- Tillaga Kristínar Á. Guðmundsdóttur. Samþykkt samhljóða.
- Tillaga Birkis Högnasonar (1). Samþykkt.
- Tillaga Júlíönu Guðmundsdóttur. Samþykkt samhljóða.
- Tillaga Birkis Högnasonar (2). Samþykkt.
- Tillaga Helgu Daggar Sverrisdóttir sneri að sama lið og seinni tillaga Birkis, sem gekk lengra og var því borin upp fyrst. Að henni samþykktri fellur tillaga Helgu Daggar niður.
- Þskj. 16a borið upp með áorðnum breytingum. Samþykkt.

Matarhlé 23.10 kl. 12:10

**Þingskjal 17a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um innri mál BSRB með breytingum útbreiðslu- og fræðslunefndar.**

***Þingfundur 23.10.09 kl. 8:30.***

*Guðríður Sigurbjörnsdóttir* talsmaður útbreiðslu- og fræðslunefndar kynsir tillöguna.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

- Þskj. 17a borið upp til atkvæðagreiðslu. Samþykkt einróma.

**Þingskjal 18a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um félagsmál með breytingum félagsmálanefndar.**

***Þingfundur 23.10.09 kl. 13:05.***

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* framsögumaður nefndarinnar gerði grein fyrir skjalinu og breytingum sem urðu á tillögunni í yfirferð nefndarinnar.

*Kjartan Ingvarsson* lagði fram tvær breytingartillögur við aðra efnisgrein tillögunnar:

Tillaga 1:

Í stað setninganna „Þá þarf að vinna að ...við vísitölu neysluverðs verði afnumin.“ komi: „Þá leggur þingið til að gengistryggð lán verði leiðrétt þannig að höfuðstóll miðist við gengisvísitölu í janúar 2008 og þeim breytt í verðtryggð lán. Endurskoða þarf vísitöluútreikning lána þannig að hann taki mið af neysluvenjum eftir efnahagshrunið til að þau viðmið séu marktæk. Þá telur BSRB mikilvægt að skattahækkningar hafi ekki áhrif á neysluvísitöluna.“

Tillaga 2.

Í stað setningarinnar „Það er lágmarks réttlæti ... við fjölskyldurnar í landinu“ komi: „42. þing BSRB krefst þess að Alþingi finni lausn á greiðsluvanda heimilanna og að settur verði lagarammi sem eykur ábyrgð lánveitenda og kemur í veg fyrir skuldsetningu umfram upphaflega veðsetningu. Þing BSRB telur að á þessum válegu tímum sé lífsspursmál að setja ný lög um gjaldþrot og lúkningu skulda í því skyni að auka rétt lántakenda.“

Varðandi fyrri tillöguna taldi Kjartan þetta algerlega óraunhæft eins og það stóð í upphaflegu tillögunni, lánveitendur myndu ekki samþykkja svona breytingu. Fastir vextir hafi ekki tíðkast hér í 4-5 áratugi.

*Anna Árnadóttir* bendir á að í íslenska bankakerfinu sé nú verið að bjóða óverðtryggð lán með föstum vöxtum. Hún vill líka segja að henni fyndist sniðugt að efla húsaleigumarkaðinn og gefa kost á því að hægt væri að leigja líka en ekki bara kaupa.

*Sigurbjörn Halldórsson* bendir á að fólk hafi tekið lán og farið í greiðslumat miðað við allt aðrar aðstæður en nú eru og núverandi aðstæður hafi verið ófyrirsjáanlegar. Því verði að koma því fólk sem lent hefur í greiðsluvandræðum til hjálpar.

*Torfhildur Þorgeirsdóttir* spyr: Hvað getum við gert fyrir ungt fólk sem er fast í húsnæðinu en getur ekkert gert í stöðunni?

*Kjartan Ingvason* svarar athugasemd Önnu svo að það sé ánægjulegt ef Íslandsbanki hefur tekið sig til og fundið leið til að bjóða lán til húsnæðiskaupa á föstum vöxtum. Hann bendir á að í þskj. 10a sé fjallað um nauðsyn afnáms vísitölubindingar.

Fleiri báðu ekki um orðið og voru tillögur bornar undir atkvæði.

- Fyrri tillaga Kjartans Ingvasonar. Samþykkt.
- Seinni tillaga Kjartans Ingvasonar. Samþykkt.
- Þskj. 18a borið upp með áorðnum breytingum. Samþykkt samhljóða.

### **Þingskjal 19a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um jafnréttismál með breytingum jafnréttisnefndar.**

***Þingfundur 22.10.09 kl. 14:30.***

*Karl Rúnar Þórsson* talsmaður jafnréttisnefndar þingsins gerði grein fyrir skjalinu og störfum nefndarinnar.

*Guðbjörn Arngrímsson* leggur til að upptalningunni í 2. setningu skjalsins verði sleppt. *Sigríður Kristinsdóttir* telur rétt að halda þessari upptalningu til að skilgreina um hvað jafnréttið snýst. Upptalningin sé þó ekki endanleg og því rétt að hafa „til dæmis“ fyrir framan. *Karl Rúnar Þórsson* tók undir að hætta væri á að eitthvað gleymdist í svona upptalningu en vakti athygli á að í skjalinu stendur „til að mynda“.

*Friðrik Atlason* segir ástæðu fyrir því að hafa þetta með þessum hætti. Svona upptalning væri í öllum mannréttindasáttmálum.

*Sigríði Kristinsdóttur* er sama um orðalagið eins og það er, þ.e. til að mynda.

*Guðbjörn Arngrímsson* dregur tillöguna til baka.

*Vésteinn Valgarðsson* spyr hvort aldur eigi heima í upptalningunni, ýmis mismunun vegna aldurs sé eðlileg, til dæmis sé 35 ára aldurslágmark til forsetaframboðs.

*Sigríður Kristinsdóttir* segist búin að fá úrskurð íslenskufræðings um að „til að mynda“ sé dónkusletta og því vill hún breyta orðalagi.

*Ása Hauksdóttir* segir að eðlilegra sé að segja „tryggja þarf sömu laun fyrir jafnverðmæt störf“ í stað „tryggja þarf jöfn laun ...“.

*Forseti* tók undir það.

*Guðríður Sigurbjörnsdóttir* benti á að eðlilegra væri að hafa orðið „eða“ í stað orðsins „og“ í lok upptalningarinnar.

*Forseti* tók undir það.

Fleiri tóku ekki til máls.

- Þskj. 19a borið undir atkvæði. Samþykkt einróma.

**Pingskjal 20a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um lífeyrismál með breytingum starfskjaranefndar.**

***Pingfundur 22.10.09 kl. 20:30.***

*Sigríður Kristinsdóttir* talsmaður starfskjaranefndar gerði grein fyrir störfum hennar og fór yfir skjalið.

Enginn kvaddi sér hljóðs um skjalið.

- Þskj. 20a borið undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

**Pingskjal 22. Tillaga að ályktun um mansal frá Friðriki Atlasyni.**

***Pingfundur 23.10.2009 að kvöldi.***

*Gréta Sigurðardóttir* leggur til að önnur setning tillögunnar verði tekin út, þ.e. verslun með konur osfrv. Það sé eins og ekki þyrfti að ræða málið fyrir en farið var að versla með annað en konur.

*Anna Atladóttir* vill þakka Friðrik fyrir ályktunina.

*Vésteinn Valgarðsson* lýsir yfir stuðningi en leggur til að þar sem stendur „vinnuaflí“ komi „fólki“.

*Guðbjörn Arngrímsson* spyr hvort hugsanlega sé verið að sverta „au pair“ með því að nefna það í ályktuninni.

*Sigríður Kristinsdóttir* segir að borið hafi á að fólk komi svart inn í landið til „au pair“-starfa og ekki farið eftir samningum. Því sé full ástæða til að hafa þetta inni.

Tillögur bornar undir atkvæði.

- Tillaga Grétu Sigurðardóttur. Samþykkt.
- Tillaga Vésteins Valgarðssonar. Samþykkt.
- Þskj. 22 borið upp með áorðnum breytingum. Samþykkt.

## 7. Önnur mál

***Pingfundur 23.10.09 kl. 13:45.***

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* gerði það að umtalsefni að ástæða væri til endurskoðunar á lögum um samningsrétt opinberra starfsmanna. Vandamál gætu komið upp þegar stök stéttarfélag hefðu gert kjarasamning um tiltekin réttindi án samráðs við önnur félög, einkum ef dregið er úr þeim. Erfitt gæti þá verið að koma á eftir. Sem dæmi nefndi hún þegar hjúkrunarfræðingar stytta kaffitíma vegna vaktavinnufólks. Sjúkraliðar voru í framhaldinu svínbeygðir til að gefa eftir sama ákvæði í samningum sem á eftir komu. Hún lagði fram svohljóðandi tillögu:

42. þing BSRB leggur til að lög um samningsrétt opinberra starfsmanna verði tekin til endurskoðunar.

*Guðbjörn Arngrímsson* lýsir sig andvígán tillögunni og ástæðan sé sú að ríkisstjórnir undanfarinna missera og ára hafi gert atlögur að því að fá að taka þessi lög upp með stuðningi ASÍ og hafi bara ein lög fyrir alla launamenn í landinu. Margt í þessum lögum þyrfti að

endurskoða en hann óttast að ef við förum fram á það þá missum við þetta og lög á almennum markaði verði látin virka fyrir okkur.

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* segir að oft sé fjallað um að ASÍ vilji allt af okkur hafa. En við eigum samt ekki að vera með þessa hræðslu. Fyrst væri farið í undirbúningsvinnu með opinberum starfsmönnum. Hún hefur trú á þingmönnum sem nú sitja á þingi til að fjalla um okkar mál.

*Forseti* leggur til að tillöggunni verði vísað til stjórnar BSRB.

*Kristín Á. Guðmundsdóttir* segir að ef þingheimur óttist að taka af skarið um málið samþykki hún að erindinu verði vísað til stjórnar.

Þingfulltrúar samþykkja það.

*Valdimar Leó Friðriksson* biður um orðið. Hann er í nefnd sem var stofnuð fyrir sex árum og hefur það hlutverk að afhenda skal KJAFTASK BSRB, sem er botnlaust mál og er góðlátleg ábending til fólks sem talar mikið og oft og hefur mikið að segja. Í nefndinni sitja þrír, Skynsemin, Skapið og Tilfinningarnar. Reglugerðin getur tekið breytingum. Fyrst fékk gripinn Guðbjörn Arngrímsson og svo Sjöfn Ingólfsdóttir. Í umræðum þessa þrjá daga hefur verið komið víða við, svo sem um kjaramál, siglutré og grettukeppni og fjölskyldutengslin verið rædd. Hann vék að ýmsum þingfulltrúum, lýsti ýmsu í ræðum þeirra sem gerði þá að meiri eða minni kjaftöskum, en einn stæði þó upp úr sem glatt hefði þingfulltrúa með orðum sínum, svo sem um „kapítal fonte“ o.fl., „að gúggla þrjá Rasmussena“ og ábendingum um að kíkja í Newsweek, fræðslu um græðgisvæðinguna, og ef ekki væri búið að fá nóg þá ætti hún nóg af öllu. Kom meira að segja með tillögur í miðri atkvæðagreiðslu. Eins og Rasmussen segir, þá er kjaftaskur Anna Atladóttir.

*Anna Atladóttir* kom upp og tók við verðlaunagripnum.

Ekki tóku fleiri til máls undir liðnum önnur mál.

## 8. Kosningar

### Kynning frambjóðenda til formanns BSRB

*Atli B. Thorarensen* formaður kjörnefndar tekur til máls og greinir frá því að kjörnefnd hafi ekki stillt upp til formanns. Fjórir höfðu gefið kost á sér en einn þeirra, Snorri Magnússon, hefur dregið framboð sitt til baka og eru þá þrír í kjöri. Nú fer fram kynning frambjóðenda. Dregið hefur verið um röð frambjóðenda í kynningunni og tekur fyrst til máls Elín Björg Jónsdóttir, þá kemur Arna Jakobína Björnsdóttir og síðastur er Árni Stefán Jónsson.

### Kosningar

*Forseti* setti fund að nýju klukkan 15:04 þann 23. október 2009 að loknu kaffihléi.

Nú verður nafnakall sem fram fer eftir fulltrúaskrá sem var yfirfarin í upphafi þings. 253 nöfn voru lesin og svöruðu 252 en einn var fjarverandi.

*Forseti* auglýsti eftir því hvort fleiri væru í framboði. Ekki komu fleiri framboð. Var þá gengið til kosninga.

Talin voru 252 atkvæði og féllu þau þannig:

**Arna Jakobína Björnsdóttir, 38 atkvæði 15,08%**

**Árni Stefán Jónsson, 82 atkvæði 32,54%**

**Elín Björg Jónsdóttir, 132 eða 52,38%**

Forseti lýsti því yfir að Elín Björg Jónsdóttir væri rétt kjörinn formaður BSRB til næstu þriggja ára.

Nýkjörinn formaður BSRB, Elín Björg Jónsdóttir, kom upp og þakkaði öllum fyrir sem kusu hana og studdu í kosningabaráttunni sem og hinum frambjóðendum.

Ögmundur Jónasson kom upp og flutti smátölu um leið og hann óskaði nýkjörnum formanni BSRB til hamingju.

Gert var hlé á þingfundi til klukkan 16:30.

Þingforseti setti fund að nýju klukkan 16:33 og gaf formanni kjörstjórnar orðið.

Tillaga kjörnefndar um varaformann er Árni Stefán Jónsson. Fleiri tillögur koma ekki og er hann réttkjörinn 1. varaformaður BSRB.

Tillaga kjörnefndar um 2. varaformann er Garðar Hilmarsson. Fleiri tillögur koma ekki og er hann réttkjörinn 1. varaformaður BSRB.

Tillaga kjörnefndar um gjaldkera er Þuríður Einarsdóttir. Fleiri tillögur koma ekki og er hann réttkjörinn gjaldkeri BSRB.

Tillaga kjörnefndar um ritara er Kristín Á. Guðmundsdóttir. Fleiri tillögur koma ekki og er hann réttkjörinn ritari BSRB.

Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB kallaði fráfarandi formann Ögmundur Jónasson á svið, þakkaði honum og færði honum gjöf frá BSRB.

Garðar Hilmarsson, nýkjörinn 2. varaformaður BSRB og formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, færði Ögmundi þakkir og gjöf fyrir hönd félags síns.

Að því loknu tók nýkjörinn formaður BSRB, Elín Björg Jónsdóttir, til máls og sleit 42. þingi BSRB með stuttri ræðu, sjá fskj. 3.

Þingslit voru kl. 16:50.

Jófríður Hanna Sigfúsdóttir

Einar Ólafsson

### Fylgiskjöl

1. Setningarræða Ögmundar Jónassonar
2. Útdráttur úr erindi Páls Skúlasonar
3. Ræða Elínar Bjargar Jónsdóttur við þingslit
4. Þingskjöl sem þingið afgreiddi
5. Dagskrá og afgreiðsla mála

**Fundargerð 42. þings BSRB**

**Fylgiskjal 1**

Setningarræða Ögmundar Jónassonar

[http://www.bsrb.is/files/R%C3%A6%C3%B0a%20%C3%B6j%20vi%C3%B0%20setningu%2042.%20%C3%BEings%20BSRB%20lesin\\_2122015252.pdf](http://www.bsrb.is/files/R%C3%A6%C3%B0a%20%C3%B6j%20vi%C3%B0%20setningu%2042.%20%C3%BEings%20BSRB%20lesin_2122015252.pdf)

**Fundargerð 42. þings BSRB**  
**Fylgiskjal 2**

**Staða mála í heiminum. Hvað er til ráða?**

22.10.2009

Af fréttasíðu BSRB, <http://www.bsrb.is/um-bsrb/frettir/nr/1569/>

Á þingi BSRB í dag flutti Páll Skúlason prófessor fyrirlestur sem nefndist: „Staða mála í heiminum. Hvað er til ráða?“ Í fyrirlestrinum fjallaði hann um orsakir kreppunnar og hvert bæri að stefna í framtíðinni.

Páll fjallaði um samfélagið og hvernig við skiljum það. Mikilvægt væri að skoða það sem siðferðilegan veruleika. Undirstöður samfélagsins eru fjölskyldurnar. Ríkið er sú stofnun sem við höfum til að halda utan um okkar sameiginlegu mál.

Páll sagði að með hruninu hefði ríkið brugðist. Hann fór yfir undirstöðustofnanir samfélagsins sem eru menntastofnanir, fyrirtæki og þjóðríkið. Þessar stofnanir lúta hver sinni rökvísi.

Þá ræddi hann hnattvæðinguna. Heimurinn er að verða einsleitari og við upplifum þróun sem á engan sinn líka í sögunni. Áhrif hnattvæðingarinnar eru margvísleg. Gífurlegt rötleysi og öryggisleysi er ríkjandi vegna ótryggrar framtíðar.

Íslenska ríkið er mjög ungt og veikburða og það brást hlutverki sínu. Það varð ákveðinn trúnaðarrestur milli ríkisvaldsins og þjóðarinnar sem tekur mörg ár að vinna aftur en ríkið er okkar dýrmætasta sameign, að mati Páls.

Hugmyndafræði markaðshyggjunnar byggir á oftrú á markaðnum – að öll vandamál sé hægt að leysa með viðskiptalegum brellum. Páll sagði að við kæmumst ekki hjá því að eiga mjög mikilvæga hluti sameiginlega. Markaðshyggjan er byggir á kolröngum forsendum, hún er hugmyndafræði sem við þurfum að losa okkur við. Samkeppni hefur slæm áhrif á mörgum sviðum, t.d. hefur hún dregið úr gæðum og kröfum innan háskólasamfélagsins. Á sumum sviðum er samkeppnin samt oft af hinu góða en oft af hinu illa, sagði Páls.

Íslendingar hafa tamið sér lesti í lífsstíl og gildismati sem er afleiðing markaðshyggjunnar. Gamlir lestir eru orðnir dyggðir. Taumleysi, blygðunarleysi og græðgi eru dæmi um það.

Páll sagði að Íslendingar yrðu að taka stjórnarskrána til endurskoðunar en ákveðin öfl í samfélaginu hafa hindrað að hún væri tekin upp.

Hann kom inn á hvert stefnt verður í framtíðinni. Á hvaða leið er mannkynið? spurði hann. Hann sagði að mannkynið gæti lent í alvarlegri kreppu í framtíðinni en núna. Spurningin sé hvernig við höldum á okkar málum. Tekst okkur að koma siðferðilegum hugsanagangi inn í alþjóðavæðinguna? Hann sagði að blómaskeiðin í heimsmenningunni væru tiltölulega fá. Myrkar aldir væru framundan nema það yrði róttæk hugarfarsbreyting hjá mannkyninu.

Ef það verður ekki ákveðið siðferði af alþjóðlegum toga þá er ljóst að styrjaldir eru framundan. Hann sagði að við vissum hvaða gildi skipta máli. Það er frelsi, jafnrétti og bræðralag – þetta eru þær hugsjónir sem gjörbreyttu heiminum á sínum tíma.

Páll spurði hver væri merking frelsisins. Hann sagði að nýfrjálshyggjan hefði stolið því frá okkur. Frelsið fælist í því að geta tekið sínar eigin ákvarðanir í sátt við samfélagið og til góðs fyrir það.

Við erum hugsandi, sjálfsvitandi verur. Bræðralagshugmyndin tengist þjóðinni. Við erum Íslendingar. Og við erum sjálfstæðir einstaklingar, sagði hann og heilbrigð mannleg sjálfsvitund er fólgin í samskiptum við aðrar mannverur.

Stóra spurningin í framtíðinni er hvernig samskipti þjóða verða. Sjálfbær þróun er nauðsynleg fyrir framtíðina og lýðræðið er nauðsyn.

Í lokin varpaði Páll fram spurningum um hvar og hvernig fjallað er um sameiginleg mál okkar sem þjóðar? Hvaða öfl stýra umræðu og ákvörðunum um samfélagsmál? Hvers konar ríki hæfir okkur?

Hann telur að við verðum að skoða hlutina út frá sjónarhóli heildarinnar. Við verðum að hugsa fyrir samfélagið í heild. Hvað er okkur fyrir bestu sem heild? Við þurfum að rökræða markmið og leiðir en hætta kappræðu og þrasi. Það verður að móta sameiginlegan skilning á „frelsi, jafnrétti og bræðralagi“.

Páll telur brýna nauðsyn á að endurskoða stjórnarskrána. Við höfum hugsað of mikið um það að hagnast á öðrum. Við eigum að stefna að því að verða öðrum þjóðum til fyrirmyndar, sagði hann að lokum.

[Sjá glærur frá fyrirlestri Páls Skúlasonar.](#)

[http://www.bsrb.is/files/Sta%C3%B0a%20%20m%C3%A1la%20%C3%AD%20heiminum%20%20Hva%C3%B0er%20til%20r%C3%A1%C3%B0a%20pallskula\\_1881676184.pdf](http://www.bsrb.is/files/Sta%C3%B0a%20%20m%C3%A1la%20%C3%AD%20heiminum%20%20Hva%C3%B0er%20til%20r%C3%A1%C3%B0a%20pallskula_1881676184.pdf)

**Fundargerð 42. þings BSRB**

**Fylgiskjal 3**

Ræða Elínar Bjargar Jónsdóttur við þingslit

[http://www.bsrb.is/files/SLITAR%C3%86%C3%90AN%20-%20END\\_1534070652.pdf](http://www.bsrb.is/files/SLITAR%C3%86%C3%90AN%20-%20END_1534070652.pdf)

## Fundargerð 42. þings BSRB

### Fylgiskjal 4

## Þingskjöl sem þingið afgreiddi

1. Skýrsla stjórnar.
2. Dagskrá þingsins.
3. Fulltrúaskrá (lögð fram á þinginu).
4. Tillaga stjórnar BSRB um þingnefndir og fjölda í nefndum.
- 4a. Tillaga nefndanefndar um skipan í þingnefndir.
- 4b. Fundarstaðir nefnda.
5. Lög BSRB.
6. Reglugerðir fyrir Eignarsjóð orlofsheimila BSRB.
7. Reglugerð fyrir Átaks – og vinnudeilusjóð.
8. Tillaga stjórnar BSRB um breytingu á lögum BSRB.
- 8a. Tillaga stjórnar BSRB um breytingu á lögum BSRB með breytingum laganefndar.
9. Tillaga stjórnar BSRB um breytingu á reglugerð um Átaks- og vinnudeilusjóð.
10. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um efnahagsmál
- 10a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um efnahagsmál með breytingum allsherjarnefndar.
11. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um atvinnumál.
- 11a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um atvinnumál með breytingum allsherjarnefndar.
12. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um alþjóðamál.
- 12a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um alþjóðamál með breytingum félagsmálanefndar.
- 12a-b. Tillaga félagsmálanefndar að ályktun um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.
13. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um umhverfismál.
- 13.a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um umhverfismál með breytingum allsherjarnefndar.
14. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um kjaramál.
- 14a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um kjaramál með breytingum starfskjaranefndar.
15. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um fræðslumál.
- 15a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um fræðslumál með breytingum útbreiðslu- og fræðslunefndar.
16. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um opinbera almannaþjónustu.
- 16a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um opinbera almannaþjónustu með breytingum félagsmálanefndar.
17. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um innri mál BSRB.
- 17 a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um innri mál BSRB með breytingum útbreiðslu- og fræðslunefndar.
18. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um félagsmál.
- 18a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um félagsmál með breytingum félagsmálanefndar.
19. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um jafnréttismál.
- 19a. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um jafnréttismál með breytingum jafnréttisnefndar.
20. Tillaga stjórnar BSRB að ályktun um lífeyrismál.
21. Ályktun 42. þings BSRB um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (sem þingið fjallaði um sem þskj. 12a-b.).
22. Tillaga að ályktun 42. þings BSRB um mansal.
23. Ályktun BSRB um samhæfða stefnumótun í samstarfi við ríki og sveitarfélög.

## Fundargerð 42. þings BSRB

### Fylgiskjal 5

## Dagskrá og afgreiðsla mála (sbr. dagskrá þingsins þskj. nr. 2)

21. - 23. október 2009

### Miðvikudagur 21. október

11:00 Þingsetning á Grand Hótel  
12:30 Hádegisverður á Grand Hótel  
13:30 Nafnakall þingfulltrúa  
Kjörbréf lögð fram til úrskurðar  
14:00 Kosning starfsmanna þingsins  
a) forseta og tveggja varaforseta  
b) tveggja þingritara og tveggja til vara  
c) kosning þingnefnda  
14:15 Lögð fram skýrsla stjórnar  
15:00 Umræður um skýrslu stjórnar  
Lögð fram þingmál og vísað til nefnda  
16:02 Þingstörfum frestað til 22. október  
17:30 Hátíðardagskrá í Háskólabíói

### Fimmtudagur 22. október

08:30 Nefndastörf  
12:00 Hádegisverður á Grand Hótel  
13:00 Gestafyrirlesari  
14:00 Nefndaálit, umræður og afgreiðsla þingmála  
14:30:

þskj. 19a

þskj. 8a

### Kaffihlé

16:00 Framhald afgreiðslu mála

þskj. 8a

þskj. 9a

þskj. 12a

þskj. 14a

19:00 Kvöldverður á Grand Hótel

20:30 Kvöldfundur

þskj. 20a

þskj. 15a

Fundi lýkur um kl. 22.

### Föstudagur 23. október

08:30 Nefndaálit, umræður og afgreiðsla þingmála

þskj. 17a

þskj. 10a

þskj. 11a

þskj. 13a

þskj. 8a / 9 – seinni umræða

þskj. 16a

12:00 Hádegisverður á Grand Hótel

13:00

### Matarhlé

þskj. 18a

þskj. 22

### Önnur mál

Kynning frambjóðenda

15:04 Kosningar

16:50 Þingslit